

Þórarinn Torfason

Hanskarnir  
og fleiri örsögur

Þórarinn Torfason

# Hanskarnir og fleiri örsögur

Ylur 2016

©Þórarinn Torfason

# HANSKARNIR

Hann stóð uppáklæddur í forstofunni, á leið í veisluna sem honum hafði verið boðið í fyrir löngu. Tilhlökkunin magnaðist með hverjum deginum sem leið frá því hann fékk boðskortið.

Hann sneri sér í hring fyrir framan spegilinn. Vissi samt að það var óþarfi.

Útlitið var óaðfinnanlegt.

Skyndilega áttaði hann sig á því að hann var ekki með hanskana. Demantsskreyttu hanskana sem hann bar ævinlega þegar hann fór í veislur.

Hann rauk inn í fataherbergið. Taldi sig vita hvar þeir væru.

Þeir voru ekki þar.

Hann leitað um allt en fann þá hvergi.

„Án hanskana get ég ekki farið í veisluna,” sagði hann við sjálfan sig. Settist í stólinn á miðju gólfinu og grét.

## BLIKKIÐ

Við hliðina á mér liggur maður sem er sífelld að kveikja og slökkva ljósið á lampanum fyrir ofan rúmið. Þetta endalaus blikk fer mjög í taugarnar á okkur hinum þrem á stofunni.

Hann hlustar ekki þó við biðjum hann að hætta. Og starfsfólkið segir okkur að vera ekki með þessa vitleysu.

Þó nýr sjúklingur komi í rúmið heldur blikkið stöðugt áfram.

# HERSHÖFÐINGINN

Hershöfðinginn lagði hönd sína á læri prinsessunnar, sem leit ekki á hann og leyfði höndinni að liggja þar sem hún var. Hélt að enginn tæki eftir því.

Það hélt hershöfðinginn líka. En ráðgjafi konungsins fylgdist með öllu.

Hershöfðinginn þurfti því að fá sér krók í stað handarinnar sem hann lagði á læri prinsessunnar.

# KÖTTURINN

Hann sat á grindverkinu um morgunin þegar ég gekk að bílnum og fylgdist grannt með hverri hreyfingu minni. Tók fyrst eftir gulu augnum sem fylgdu mér hvert fótstí. Þau líkt og boruðu sig inn í mig.

Hrósaði því happi þegar ég tók eftir að hann sat kyrr er ég keyrði frá húsinu.

Er ég gekk inn á skrifstofuna mína á þriðju hæðinni, fann ég þessar gulu glyrnur stara á mig úr glugga hússins á móti. Gat varla einbeitt mér í vinnunni og alveg sama þó ég drægi gardínurnar fyrir.

Augu hans boruðu sig í gegn.

Vissi að hann sæti á grindverkinu þegar ég kæmi heim og það brást ekki. Hann var á sama stað og fylgdist jafn grannt með mér.

Gulu glyrnurnar hans glóðu í myrku herberginu mínu þegar ég fór að sofa.

„Þessi fjandans köttur hefur fylgt mér allan daginn,” hugsaði ég í svefnrofunum.

## BLAÐIÐ

Þoli ekki þegar blaðið kemur of seint á morgnana. Það á að vera komið inn um lúguna hjá mér og á eldhúsborðið klukkan sex.

Hvorki mínútu fyrr né síðar.

Og á að liggja við hliðina á morgunmatnum, sem er alltaf tilbúinn á þeim tíma.

Get bara ekki með nokkru móti lesið það á öðrum tíma dags.

## MIÐALDAHÁTÍÐIN

Þegar ég fór á miðaldahátíðina átti ég ekki von á því að finna hlið til fortíðar. Rakst óvart á það er ég gekk inn í eitt herbergið í kastalanum.

Get þá lagað og leiðrétt allt sem fór úrskeiðis þegar ég var hérna síðast.



# TUNGUMÁL

Enginn skildi barnið þegar það fór loks að tala. Það talaði allt annað tungumál en allir aðrir í kringum það. Þó höfðu foreldrar og ættingjar alltaf talað við barnið á móðurmálinu og það virtist skilja hvað sagt var við það.

Allir stóðu ráðþrota frammi fyrir þessu. Og jafnvel þó færustu tungumálasérfræðingar skoðuðu barnið og hlustuðu á mál þess, gat enginn áttað sig á hvaða tungumál það talaði.

# ÁKVÖRÐUN

Á hverjum morgni stendur hann í um það bil klukkutíma fyrir framan fataskápana sína (já, þeir eru fleiri en einn og fleiri en tveir) og veltir fyrir sér hvort hann eigi að vera karl eða kona þann daginn.

# HUNDUR

Það merkilegasta sem komið hefur fyrir mig, var þegar hundurinn gekk upp að mér, þefaði af mér og hvarf svo á eftir eiganda sínum.

Það eru mörg ár síðan þetta gerðist en minningin yljár mér ennþá hér í fásinninu.

## Í BÚÐINNI

Það var svo gaman í búðinni, svo margt að skoða að ég gleymdi mér algjörlega.

Áttaði mig ekki á hvað tímanum leið.

Áður en ég vissi af var búíð að loka og starfsfólkið farið heim.

Gat því þvælst um verslunina alla nóttina, án þess nokkur yrði mín var.

# ÓSKIRNAR ÞRJÁR

Hef lesið margar sögur um óskirnar þrjár og fólk sem hefur klúðrað þeim svo illilega að það stendur jafnvel verr að vígi en áður.

Hef því ekki enn þorað að nota mínar.

Sannfærður um að ég klúðri þeim líka.

Eins og allir aðrir.

# FLUGMAÐURINN

Alveg frá því gamla flugmaðurinn var lítill drengur og sá flugvél í fyrsta sinn, hefur hann þráð að deyja í flugslysi. En þegar hann fór að læra flug og vinna sem flugmaður á farþegaþotum hélt hann aftur af sér.

Nú þegar hann er hættur að fljúga vill enginn lána honum vél, svo hann geti látið drauminn rætast.

# NJÓSNARINN

Njósna­rinn í Istanbúl vildi gera allt sem í hans valdi stóð til að komast að hjá bresku leyniþjónustunni, MI5. Hann var svo ákafur í að standa sig og láta bresku leyniþjónustuna taka eftir sér, að hann gaf upp staðsetningu sína þegar hann var spurður.

Hann varð aldrei MI5 njósnari.

## SYSTKINI

Systkinin fæddust með nákvæmlega árs millibili. Og þegar stúlkan, sem var eldri, sá litla bróður sinn liggja ósjálfbjarga í vöggunni, trítlaði hún til hans. Horfði í augu hans og skildi allt sem hann hugsaði.

Uppfrá því þurftu þau aldrei að nota orð. Líkt og þau læsu huga (eða augu) hvors annars.

Og þannig var það alla þeirra löngu ævi.

Þau létust með árs millibili.

Nákvæmlega.



# STEINNINN

Steinninn hefur legið fyrir utan gluggann lengur en elstu menn muna. Meðan ég horfi á hann einn daginn þegar ég nenni ekki að gera neitt annað, rís upp úr honum maður í jakkafötum, sem minnir einna helst á nítjándu aldar hefðarmann.

Hann kinkar til mín kolli og gengur á brott.

Ekki veit ég hvert.

# HERSKIPIÐ

Byssurnar á herskipinu úti á firðinum sneru allar að okkur þar sem við sátum á grasbalanum og fylgdumst með stóru og tilkomumiklu skipinu.

Höfðum aldrei séð glæsilegra skip né flottari byssur og aldrei heyrt annan eins hávaða þegar þær skutu að okkur allar í einu.

# FINGUR

Alltaf þegar kemur að mest spennandi hluta myndarinnar, teygi ég mig í manneskjuna við hliðina á mér, tek fingur hennar, sting þeim upp í mig og naga þar til atriðið er búið.

Oftast lætur fólk sér þetta í léttu rúmi liggja.

Ekki alltaf samt.

## BIRTA

Á daginn gekk hún um með dökk sólgleraugu. Sagðist vera með ofnæmi fyrir birtu. Fór aldrei í sólbað og vildi helst liggja inni í rúmi með myrkvunartjöld fyrir öllum gluggum á hlýjum og sólríkum dögum, þegar vinkonurnar lágu úti í garði og létu sólina baka sig.

Hún tók sólgleraugun niður þegar rökkvaði og gat varla beðið eftir að það yrði aldimmt. Þá sá hún gegnum holt og hæðir.

Gat meira að segja fylgst með nátthröfnunum í húsinu á móti.

# TRÚ

Þegar hún var lítil var hún mjög trúuð. Eins og foreldrarnir sem ólu hana upp í sinni trú, sem hún fylgdi út í ystu æsar. Hafði tilvitnanir í trúarritið á hraðbergi og vitnaði í það í tíma og ótíma. Svo kennurum og skólafélögum þótti nóg um.

Daginn sem hún varð fjórtán ára vaknaði hún og fann að trúin var horfin og allt sem hún mundi úr trúarritunum gleymt.

Mörgum árum síðar, þegar hún var orðin gömul kona og hafði átt langa (næstum) trúlausu ævi, fann hún að vængir spruttu fram á baki hennar í hvert skipti sem hún gekk framhjá tilbeiðslustað.

# SÍÐASTI GALDRAMADURINN

Eftir margra ára leit og ferðalög vítt og breitt um heiminn fann síðasti galdramaðurinn loks lærling. Galdramaðurinn varð harla glaður og ánægður og kenndi lærlingnum það sem hann kunni.

Allt nema það mikilvægasta. Stærsta og mesta galdurinn hugðist hann geyma þar til síðast.

En áður en til þess kom fórst lærlingurinn í bílslysi og síðasti galdramaðurinn dó af harmi og eftirsjá.

## Í SANDINUM

Hún sér aðeins sandalana og tærnar sem fara hjá þar sem hún liggur hreyfingarlaus í sandinum í fjörunni og getur ekki hreyft sig.

Hún veit ekki hvers vegna.

## MEGRUN

Alltaf þegar hann gekk inn í matvöruverslun, fór hann að skjálfa og hristast eins og hann væri að fá flogakast.

Var samt ekki flogaveikur.

Þetta setti vissulega strik í matarinnkaupin.

Þau urðu minni fyrir vikið og hann grenntist talsvert.

„Mátti svo sem alveg við því,” sagði hann við vinina.



## STEINAR

„Einn steinn í einu,” hugsaði hann þegar hann lyfti enn einum steininum, sem var næstum of þungur.

Hann bar steininn í hrúguna upp við vegginn.

„Einn steinn í einu,” sagði hann upphátt meðan hann gekk til baka að sækja annan næstum of þungan stein.

Enginn heyrði til hans.

## ÁSTÆÐA

„Ég fer ekki í kirkju lengur”, sagði maðurinn við prestinn sem spurði,  
„vegna þess að ég get ekki sungið.”

Presturinn sagði að það væri ekki ástæða.

„Jú,” sagði maðurinn og brosti. „Alveg jafn góð og hver önnur.”

# ÁNÆGJULEGASTA STUNDIN

„Ánægjulegasta stund lífs míns var þegar hnífurinn gekk inn í holdið og blóðið spýttist yfir mig alla,” hugsaði hún með sér þar sem hún sat í þægilegum stólnum andspænis sálfræðingnum sem átti að meta hvort hún væri sakhæf.

Datt samt ekki í hug að segja það upphátt.

## OFURHETJA

Maðurinn hélt að hann væri ofurhetja og gæti flogið eða stokkið yfir bílana sem stoppuðu ekki fyrir honum þegar hann þurfti að komast yfir götuna.

Hann komst að því að hann var ekki með flug- eða stökkhæfileika.

Og enga aðra í raun.

# BLÓMAANGAN

Þegar ég var yngri vildi ég þefa af hverju einasta blómi sem varð á vegi mínum. Var því oft ansi lengi að komast á milli staða. Þess vegna hættu foreldrar mínir að ganga með mig eða leyfa mér að fara gangandi í skólann.

Skóladagurinn var stundum liðinn þegar ég komst þangað loks.

Eftir að ég flutti hingað í blómagarðinn hefur líf mitt tekið stakka-skiptum. Nú get ég setið eða legið úti í garði allan daginn. Þefað af blómum og ef hungrið sækir að er ekkert einfaldara en stinga einu og einu upp í sig.

Verða samt að vera blóm sem ég hef þefað af.

## ÞURRKUR

Dagarnir voru svo hlýir og heitir að vatnið hvarf.

Eftir fjóra daga af þessum óbærilega hita var enginn vökvi eftir. Það kom ekkert úr krananum. Vatnið í sundlauginni gufaði upp. Meira að segja bjórflöskurnar tæmdust í ísskápnum.

Við vissum að brátt myndum við einnig þorna upp. Líkaminn er þrátt fyrir allt að stórum hluta vatn.

Við litum hvort á annað og skellihlógum.

# HLUTVERK

Hún nálgast húsið. Þung byssan í hendinni veitir henni öryggi.

Hún lítur andartak um öxl. Að sendiferðabílnum þar sem hann situr rólegur og bíður. Ekki enn komið að hlutverki hans

Hann kemur þegar hún er búin að athafna sig.

Þá sest hún inn í bílinn.

Bíður.

# HIK

Hún stendur fyrir framan dyrnar sem hana hefur svo lengi langað til að komast inn um. Hægri höndin á lofti og hnefinn krepptur. Býr sig undir að banka.

Höndin fellur niður, hún snýr sér við og gengur burt.

„Mér verður aldrei hleypt inn,” er hugsunin sem flögrar um hugann.

Einu sinni enn. Svo oft verið við það að láta hnefann skella á hurðinni.

Af því verður ekki í dag.

Hugsanlega síðar.



# BROS

Langaði fátt eins mikið og að þurrka brosið af andlitinu á manninum sem sat á móti mér í litlu herberginu. Það fór meira í taugarnar á mér en allt annað þá stundina.

Hefði klúturinn legið enn á borðinu, hefði ég gripið hann og máð þetta andstyggilega bros framan úr honum. En hann var þar ekki lengur og ég vissi ekki hvað af honum varð.

Auk þess voru hendur mínar bundnar.

# VAGNINN

Vagninn nemur staðar á biðstöðinni. Dyrnar opnast. Enginn fer út og enginn stígur inn, þó margt fólk norpi í kuldalum og bíði.

Vagninn ekur áfram. Að næstu stöð.

Sama sagan endurtekur sig: enginn fer út og enginn kemur inn.

Hring eftir hring keyrir tómur vagninn. Og bílstjórinn bölvar örlögum sínum.

## TÝNDI SONURINN

Sonurinn sem hafði ekki sést í mörg ár - og enginn vissi hvar var - birtist allt í einu á tröppunum á æskuheimilinu.

„Ég er kominn heim,” tilkynnti hann stoltur.

Enginn þekkti hann. Sama hvað hann sagði trúði fólk ekki að hann væri að segja satt.

Hann fann að hann var ekki velkominn og fór því aftur svo fjölskyldan gæti haldið áfram að syrgja týnda soninn.

## GYÐJAN

Hann situr fyrir framan hvítan tölvuskjáinn. Starir á hann og ákallar gyðjuna sem hefur ekki sýnt sig svo lengi.

Alltof lengi.

Smátt og smátt birtist andlit hennar á skjánum. Dauft í fyrstu en verður æ skýrara.

„Loksins eitthvað að gerast,“ hugsar hann með létti sem hann hefur ekki fundið lengi.

## EFTIR NÓTTINA

Hún vaknaði við að maðurinn, sem hún þekkti ekki neitt, sat á rúmstokknum, horfði á hana eins og hann vissi ekki hvar hann væri staddur né hvers vegna og nuddaði blóðugan hálsinn.

## RIGNING

Þegar hún ekur um fáfarinn sveitavegin koma allt í einu rauðir rigningardropar af himnum. Og hún veltir því fyrir sér smástund hvort þetta sé blóð eða eitthvað annað. Hristir höfuðið til að bægja hugsuninni frá sér, setur rúðuþurrkurnar á og heldur áfram ferð sinni.

## BIÐIN

Sit í sófanum og les bók. Enn eina norrænu spennusöguna um þunglyndan og drykkfelldan rannsóknarlögreglumann, sem á í erfiðum samskiptum við börnin sín tvö en leysir öll morðmál eins og að drekka vatn.

Heyri allt í einu umgang frammi á gangi.

Kalla fram eins og ég er vanur þegar einhver í fjölskyldunni kemur heim eftir daginn.

Fæ ekkert svar.

Hrópa því aftur.

En sama sagan. Ekkert svar. Aðeins meiri umgangur. Meiri hávaði frammi.

Man þá að enginn er væntanlegur heim á næstunni. Fólkið mitt skrapp vestur á firði og kemur ekki fyrr en eftir þrjá daga.

Sit með bókina í kjöltunni, stari út í loftið og bíð.

# SKÓGURINN

Feta mig varlega um skógarstíginn sem ég hef gengið margoft og kann nánast utan að. Hver bugða og beygja kunnugleg, sem og hnyðjurnar hér og hvar á stígunum. Jafnvel lafin á trjánum eru mér kunnug.

Þegar ég kem að staðnum nem ég staðar. Stend grafkyrr og horfi á tréð.

Biðin verður ekki löng. Frekar en venjulega.



# GARÐUR

Garðurinn sem eitt sinn iðaði af lífi, tónlist og ljósi er nú myrkur og þögull. Sá sem gengur um fyrir utan rifjar upp betri tíma þegar varla var þverfótað fyrir fólki sem kom til að skemmta sér.

Hann átti erindi út fyrir garðinn, sem lagði upp laupana á meðan enda dvölin fyrir utan lengri en til stóð í upphafi.

Nú gengur hann meðfram girðingunni, rýnir inn í myrkrið og rifjar upp þegar kveikt var á öllum tækjum og ljósin lýstu upp garðinn. Tónlistin ómaði úr hverju horni.

Leitar leiða til að komast inn á ný þar sem hann á heima.

## HERBERGIÐ

Herbergið er lokað og læst. Margoft búinn að athuga það en dyrnar svo rammgerðar að ekki er möguleiki að brjóta þær upp. Hvergi gluggi sem hægt er að skríða út um.

Heyri lágvært fótatak nálgast. Eins og skepna læðist að mér.

Hnipra mig í einu horninu. Geri mig eins lítinn og ég mögulega get.

Fótatakið færir nær og nær og verður háværra með hverri sekúndunni sem líður. Veran er hætt að læðast og stendur brátt fyrir utan dyrnar að herbergi mínu.

## FLUGÆFINGAR

Ég fór upp á þak hæstu byggingarinnar sem ég fann í borginni. Rétti út hendurnar og varpaði mér framaf en fann strax að tilraunin var misheppnuð. Náði ekki að blaka höndunum nægilega hratt til að halda mér á lofti og hrapaði því til jarðar.

Enn ein tilraunin sem misheppnast.

Þetta var sú þrítugasta og fimmta.

Allar hafa þær endað með fleiri en einu og fleiri en tveimur beinbrotum ásamt djúpum skurðum hér og hvar um líkamann.

En ég gefst ekki upp.

Mér skal takast að fljúga.

## Í LYFTUNNI

Í huga hennar er kvöldið algjörlega misheppnað þar til parið stígur inn í lyftuna. Þá veit hún að nóttin verður eftirminnileg.

## SKRIFSTOFAN

Skrifstofan mín er á jarðhæð, svo ég sé vel út á götuna fyrir utan. Venjulega er fátt fólk á ferli þar. Einstaka sinnum kemur þó fyrir að þrír ganga um götuna í einu, jafnvel saman. Stöku sinnum hef ég séð allt upp undir tólf manns röltu hjá glugganum sama daginn.

Ekki veit ég hví fólk leggur á sig að ganga um þessa götu. Hér er ekkert nema skrifstofan mín á jarðhæðinni og hingað inn á enginn erindi nema verðirnir sem færa mér mat og kaffi þrisvar á dag.

## VERKEFNI

Myrkrið svo þétt og svart að sé varla handa minna skil. Rétt greini útlínur verunnar fyrir framan mig.

Hnífurinn í hansaklæddri hendinni og ég finn rauðan vökva spýttast framan í mig þegar ég renni honum eftir hálsinum. Og um leið nístandi sársauka í síðunni.

Mátturinn í líkamanum þverr og ég lyppast niður á freðna jörðina.

Síðasta hugsunin áður en allt verður svart, er að í þetta sinn muni ég ekki kasta hnífnum í sjóinn og komast í sturtuna sem fylgir verkefninu.

Þau verða heldur ekki fleiri.

# GRÁTUR

Barnið grætur sífelld hærra og hærra, sama hvernig barnapían reynir að róa það og syngja fyrir það. Hún situr við rúmstokkinn, raular öll þau lög sem hún kann og horfir á barnið stækka og stækka eftir því sem gráturinn verður háværari og sárari.

Brátt verður rimlarúmið orðið of lítið.

Barnapían er löngu hætt að syngja og reyna að róa barnið en grætur sjálf hástöfum.

Og minnkar með hverri hviðu þar til hún kemst í rimlarúmið og barnið er sest við rúmstokkinn.

# VÉLARHLJÓÐ

Bíllinn er ræstur beint fyrir neðan svefnherbergisgluggann minn.  
Vélarhljóð hátt og ærandi. Ég stekk upp úr rúminu og þýt að glugganum.  
Horfi á bílinn tæta og spóla yfir grasflötina. Hring eftir hring.

Eins og svo oft áður.

„Nú næ ég honum,“ hugsa ég með mér og snarast í fötin.

Þegar ég kem út er hann horfinn.

Eins og venjulega.



# ÓNOT

Ævinlega fara ónot um ungu stúlkuna þegar hún lokar kaffihúsinu seint á kvöldin og allir farnir heim nema hún.

Óttast samt ekki draugana sem sagt er að sveimi um gamalt húsið. Hún hefur engar áhyggjur af þeim.

Hún óttast annað.

## BLÓÐ

Sest á líkamann og sting í holdið. Finn um leið og fyrsti dropinn rennur upp í mig að þetta er ekki gott blóð. Bragðið af því ekki eins og venjulega. Ekki eins og það á að vera.

Tek ranann því úr sárinu, breiði út vængina og lyfti mér upp á ný.

Leita að öðrum líkama með betra blóð.

# ÁREKSTUR

Blindaðist af háum ljósunum sem komu á móti í myrkrinu. Sá ekki neitt og missti stjórn á bílnum. Fann þungt höggið er bílarnir skullu saman.

Öryggisbeltið losnaði (nema ég hafi gleymt að festa það eins og stundum gerist) og ég flaug gegnum framrúðuna. Var allt í einu kominn í farþegasætið á jeppanum, sem ók áfram.

Ég sem var á leið í hina áttina.

# SÁLFRÆÐINGURINN

„Ég hata að fara í búðir með afa!” sagði stúlkan við sálfræðinginn sem sat á móti henni við skrifborðið.

„Hann kaupir aldrei neitt handa mér.”

Sálfræðingurinn horfði á hana og skrifaði athugasemdir í stílabókina sem lá á borðinu.

„Þess vegna verð ég að hnupla því sem mig langar í,” bætti stúlkan við og brosti.

Sálfræðingurinn kinkað kolli, eins og hann skildi hana vel.

## SPEKI

Hún hafði alltaf lifað eftir þeirri speki að varðveita barnið í sjálfri sér. Sumum í kringum hana fannst hún jafnvel taka það of bókstaflega.

Dag nokkurn þegar hún vaknaði í rimlarúminu sínu, fann hún að barnið var horfið úr líkama hennar og huga.

Hún varð mjög sorgmædd og grét um stund en harkaði af sér. Reis upp úr rúminu, lagðist í líkkistuna sem stóð við hliðina á því, lokaði henni og sofnaði aftur.

# HÁVAÐI

Á mér skellur þungt loft þegar ég opna dyrnar að kaffihúsinu þar sem ég hef mælt mér mót við nokkra féлага. Nánast hvert borð upptekið.

Ég svípast um en kem hvergi auga á þá.

Greini heldur varla nokkuð fyrir hávaðanum og skvaldrinu.

Efast um að staðurinn rúmi allt þetta fólk. Síðast þegar ég kom hingað var hann mun minni.

Veit að félagarnir eru þarna einhvers staðar. Finn þá bara ekki í öllum þessum hávaða.

## BEINAGRINDIN

Hann vissi vel að beinagrindin átti að vera innst í líkamanum og holdið utan á henni, en hann gat samt ekki á sér setið stundum að snúa þessu við. Ganga um með beinagrindina utan á sér. Það tók hvort eð er enginn eftir því þegar hann var í fötum. Honum datt aldrei í hug að ganga um nakinn. Hvernig svo sem beinagrindin sneri.

Varð bara að gæta þess að vera með hanska og góða húfu á höfðinu.

## BROTTFÖR

Hún stendur við borðstokkinn. Finnur andvarann leika um andlit sitt. Skipið mjakast hægt en örugglega út úr höfninni. Hún horfir til lands. Sér hann standa á bryggjunni og veifa. Í stað táranna sem hún veit að hann vonast eftir, breiðist bros yfir andlit hennar. Hönd hans sígur og hann starir agndofa á skipið fjarlægjast. Hún snýr sér frá borðstokknum, gengur inn á barinn og pantar sér tvöfaldan koníak.

„Má ekki minna vera,“ hugsar hún.

Brosið fast á andlitinu



# GANGUR

Hún gekk eftir löngum gangi skólans.

Ein innanum alla krakkana sem horfðu á hana líkt og þau hefðu aldrei séð annað eins.

Og kannski höfðu þau það heldur ekki.

Hún gætti þess vel að brosa ekki með munninn opinn, annars sæist í hárbeittar tennurnar sem hún vildi fyrir alla muni hylja.

Um varir hennar lék hárfínt glott.

## HLIÐIÐ

Standa fyrir framan hliðið að garðinum sem þau hafa heyrt svo mikið talað um gegnum tíðina og alltaf hugsað sér að heimsækja. Hlusta á öskrin og veinin í verunum fyrir innan og tilhlökkunin magnast eftir því sem röðin mjakst áfram.

# ÁLFUR

Álfurinn leitar félaga sinna í fjörunni. Man að hann sá þá á rölti í sandinum fyrir ekki svo löngu.

„Gætu verið nokkur hundruð ár,” segir hann upphátt við sjálfan sig, enda enginn annar til að tala við.

Ekki einu sinni fugl, hvað þá álfur.

# PRINSESSAN

Loks kemur að því að prinsessan málar myndina sem hún hefur svo lengi þráð að mála. Og kemst að því að hún hefur meiri áhuga á að vera málari en prinsessa.

Um stund að minnsta kosti.

# STÖRUR

Hún stendur hreyfingarlaus fyrir utan og horfir inn.

Á mig sem sit kyrr. Ég horfi á móti.

Velti fyrir mér hver hún er og hvort ég þekki hana. Hvað hún vilji mér eiginlega.

Við störum hvor á aðra þar til kaffilöngunin verður of sterk og ég teygi mig í bollann á borðinu. Tek augun andartak af henni.

Þegar ég hef tekið sopa af hálfköldu kaffinu og lít upp aftur er hún horfin.

Auðvitað.

# KONTRABASSINN

Vakna um miðja nótt við hljóðin í kontrabassanum sem stendur úti í horni.

Kveiki ljósin. Sé strengina hreyfast og greini laglínu sem ég hef aldrei heyrt áður.

Gríp glósubókina af náttborðinu og skrifa nóturnar í hana.

Enn eitt lagið orðið til.

## HÆFILEIKI

Gleymi aldrei þegar ég flaug í fyrsta sinn.

Hef varla verið meira en fimm eða sex ára, gæti þó hafa verið yngri.

Var að róla á leikvelli skammt frá heimili okkar og stóra systir mín sagði mér að stökkva úr rólunni.

Ég gerði það.

Og flaug yfir allan leikvöllinn. Hafði að vísu ekki fullkomna stjórn á mér svona í fyrsta sinn en náði góðum tókum á þessu með smá æfingu. Og gat þá (og get enn) flogið hvert sem ég vildi og hvenær sem ég vildi en að vísu stutt í einu.

Man að ég flaug yfir systur mína, sem stóð og starði á mig. Gat ekki sagt neitt af undrun.

Hún hefur ekki enn talað um þennan hæfileika við mig.

## SAMTAL

„Já, en..” sagði hann.

„Nei, ekki..” greip hún fram í.

„Samt...” reyndi hann.

„Alls ekki...” staðhæfði hún.

„Allt í lagi,” sagði hann og gafst upp.



# GÓL

Maður nokkur sem bjó uppi í risi í fjölbýlishúsi, stillti vekjarklukkuna sína á fimm að morgni.

Þegar hún hringdi spratt hann uppúr rúminu, skreið út um þakgluggann og út á þakið.

Þar stóð hann á öðrum fæti, lagði lófana á munninn og galaði eins og hani í um það bil klukkutíma eða þar til hann sá að ljós var komið í alla glugga.

# GRANDAL AUS

Finn að einhver læðist aftan að mér þar sem ég stend og bíð eftir strætisvagninum. Geri mér þó ekki grein fyrir hver eða hvað þetta er, fyrr en ég finn tennurnar sökkva í hálsinn.

# HÖFUÐHÖGG

Eftir að hann fékk höfuðhöggið þegar hann rann til á hálu gólfinu á elliheimilinu, vaknaði hann tíu árum yngri á hverjum morgni.

Hann velti fyrir sér hvenær hann kæmi að fyrri lífum sínum og hve mörg þau væru. Óttaðist að hann hefði verið illmenni sem drap fjölda manns. Vonaði þó að hann hefði verið hetjan sem bjargaði mannlífum.

Verst að hann trúði ekki á slíkt fyrirbæri.

## VÆL

Drep á bílnum og stíg út. Hef ekki tekið nema þrjú skref í átt að húsinu mínu þegar ég heyri hávært væl skammt frá. Finnst það jafnvel koma undan bílnum en sé ekki neitt þegar ég kíki undir hann.

Heyri vælið aftur og nú enn hærra og enn nær. Minnir helst á væl í ketti. En hér eru engir kettir eftir því sem ég best veit.

Eftir því sem ég nálgast húsið verður vælið háværara.

Kemur sífellt nær og nær.

# HÁLFT TUNGL

Í hvert sinn sem tunglið er hálf klifrar maðurinn upp á þak, leggst á magann, mænir á himinhnöttinn og reynir að halda gólinu inni í sér.

Það tekst oftast. Núorðið.

# SPEGILMYND

Apinn sem stóð fyrir framan spegilinn varð skelfingu lostinn þegar hann sá manninn í speglinum.

## UPPISTAND

Hann stendur á sviðinu með míkrafóninn festan í hálsmálið og segir brandarana sína. Salurinn fullur af fólki sem hann vonar að geti hlegið að þeim, sem fjalla mest um hann sjálfan, konuna og fjölskylduna. Veltir jafnvel fyrir sér að nota brandarann um foreldra sína.

En hættir við þegar hann tekur eftir að engum í salnum stekkur bros.

## TAKKINN Í MÆLABORÐINU

Kem hvergi auga á ljós né annað sem bendir til mannaferða í þokunni. Tel því öllu óhætt og ýti á takkann í mælaborðinu.

Mér var reyndar sagt að ég mætti einungis nota hann ef ég væri í hættu og vildi snúa aftur. En hann er bara svo freistandi og það er svo óskaplega langt síðan ég hef stjórnað almennilegu farartæki.

Um leið og ég ýti á takkann breytist þessi frumstæði bíll í geimskipið mitt sem lyftir mér upp yfir þokuna, svo ég er mun fljótari heim.

Mér er sama um afleiðingarnar. Hverjar sem þær verða er þetta þess virði og vel það.



## SVARTÞRESTIR

Þeir sitja þrír fyrir utan kaffihúsið, reykja og súpa af og til á kaffi sem er í bollum á kringlóttu borði á milli þeirra.

Tala saman um svartþrestina sem þeir sáu í gönguferð sinni um skóginn skömmu áður.

Einn þeirra efast þó um að þetta hafi verið svartþröstur.

# NÆTURVÖRÐURINN

Næturvörðurinn á fuglasafninu nálgast salinn. Heyrir þytinn í uppstoppuðu fuglunum sem flögra um til að liðka vængi og skrokk. Hann gengur inn á mitt gólfíð og stendur sem uppstoppaður þar til birta fer af degi og uppstoppuðu fuglarnir koma sér á sinn stað.

Næturvörðurinn gengur út úr salnum, heldur niður í kompu sína og leggst til svefns.

# ÁHUGAVERÐUR STAÐUR

Áhugaverðasti staður sem ég hef komið á er líklega minn eigin hugur, svona fyrst þú spyrð. Þangað fór ég dag nokkurn fyrir löngu. Lá í rúminu milli svefns og vöku og var allt í einu staddur á eyðilegum stað, sem ég af einhverjum ástæðum áttaði mig strax á að væri minn eigin hugur.

Gekk þar um góða stund að mér fannst áður en allt varð aftur eins og það átti að sér að vera.

Ætla ekki að segja þér hvernig þar var umhorfs eða hvað ég sá.

Það kemur mér einum við.

## FORVITNI MAÐURINN

„Mikið væri hentugt að hafa fleiri eyru,” sagði forvitni maðurinn við sjálfan sig.

Hann vildi þó ekki meina að hann væri forvitinn, heldur hefði einungis áhuga á fólki.

„Þá gæti maður heyrt mun meira og fræðst um fólk í kringum sig.”

Hann íhugaði að fá sér heyrnartæki.

## SÁ NÝFLUTTI

„Andskotans ró og kyrrð alltaf í þessu hverfi,” sagði sá nýflutti við konu sína.

„Maður getur varla sofið þegar ekki heyrir eitt einasta hljóð. Enginn bíll á götunni, engin öskur í nágrönnunum, engin slagsmál.”

Hann settist upp í rúminu, leit á konuna sem var steinsofandi.

„Ekki einu sinni breima kettir fyrir utan gluggann.”

Hann andvarpaði.

„Þetta er alveg óþolandi.”

## REFSING

Hann vissi jafn vel og allir aðrir að orð okkar voru lög, eigi að síður ólýðnaðist hann og braut þau. Því var ekki annað hægt en refsa honum. Eins og hverjum þeim sem gekk gegn orðum okkar.

Hvernig hefði það líka litið út ef hann hefði sloppið, bara vegna þess hvað hann var?

## PERSÓNUR

Persónurnar tóku völdin af rithöfundinum sem var búinn að skipuleggja alla söguna frá upphafi til enda. Þær vildu alls ekki fara í þá átt sem höfundurinn hafði ráðgert og hann vildi ekki leyfa þeim að fara þangað sem þær vildu. Ekki undir nokkrum kringumstæðum. Sagði það kæmi bara hreinlega ekki til mála.

„Þá förum við ekki neitt,” sagði talsmaður persónanna.

Og þar við sat.

## MINNING

Ánægjulegasta minningin úr skólanum er þegar skólastjórinn fékk vængi þar sem hann stóð við ræðupúltið og flutti skólasetningarræðuna.

Man að hann flögraði þrjá hringi um salinn, áður en hann lenti við púltið og hélt áfram ræðunni þar sem frá var horfið.

Enginn tók eftir þessu nema ég.



## STÆRÐ

Hann vaknaði, geispaði, teygði vel og lengi úr sér og áttaði sig á að þetta geimskip var það stærsta sem hann hafði á ævinni séð.

Það var svo stórt að það tók hálfan dag að ganga stafna á milli.

Jafnvel þó gengið væri rösklega.

## REIPI

Opnar bílskúrsdýrnar, stendur í gættinni og horfir á reipið sem hangir niður úr króknum í loftinu. Veit að það á eftir að herðast að hálsi.

En ekki strax.

Snýst á hæli, lokar dýrunum og læsir á eftir sér.

## LAMPI

Bakpokinn slæst í öxlina þegar hún gengur yfir hæðina. Hún er sárfætt, finnur að það eru að koma blöðrur á tærnar. Þreyta komin í lærin.

Hún ætlar samt ekki að nota gamla lampann sem skröltir í pokanum fyrr en hún kemur heim.

Óttast að andinn hverfi út í víðáttuna. Vill frekar vera í öryggi fjögra veggja.

Þá eru minni líkur á að hann sleppi frá henni.

## HRÆÐSLA

Verð alltaf svo hrædd þegar fuglarnir hópast í trén fyrir utan húsið mitt.

Þeir koma í flokkum og eru af mörgum tegundum. Jafnvel fuglar sem setjast venjulega ekki í tré. Þeir snúa allir í átt að glugganum mínum, horfa inn til mín. Og ég má hafa mig alla við að berjast á móti löngunni til að opna gluggann, fljúga út til þeirra og setjast hjá þeim.

Óttast þann dag sem ég ræð ekki við löngunina.

# STÖKK

Áður en hann stökk í síðasta sinn niður úr trénu, lagfærði hann bindishnúttinn svo hann sæti örugglega rétt og væri fullkominn.

Eins og hann átti að vera.

Alltaf.

## GEIMSKIP

Geimskipið svífur yfir þorpinu, eða lónar kannski heldur. Það hefðu sjómennirnir gömlu í það minnsta sagt, hefðu þeir séð það.

En þeir sáu það ekki, frekar en aðrir. Nema bæjarróninn sem enginn tekur mark á hvort eð er.

# SPÍTALINN

Þegar ég kom inn á spítalann í fyrsta sinn fóru um mig ónot, svo ekki sé meira sagt.

Jafnvel hrollur.

Mætti þrem karlmönnum og einni konu í blóðugum svuntum með stórar sveðjur í höndunum. Þau gengu um gangana án þess að nokkur skipti sér af þeim og skildu eftir sig rauða slóð á gólfinu.

Ónotin og hrollurinn í mér vörðu þó aðeins skamma stund.

Varð brátt einn af þeim og sá langbesti.

## VERÐLAUNAGRIPURINN

Og hún sem hélt hún þekkti manninn sem hún hafði búið með öll þessi ár og eignast börnin með. En þegar hann kom heim með verðlaunagripinn, áttaði hún sig á því að hún þekkti hann ekki neitt.



## GLEYMSKA

Á hverjum morgni þegar hún lokaði útidyrnum á eftir sér, gleymdi hún öllu sem var fyrir innan.

Áð kvöldi þurfti hún því að finna sér nýjan stað, nýtt hús, ný húsgögn, nýjan mann og ný börn.

# SARA

Síminn hringir og maðurinn svarar.

„Halló Sara,” segir hann glaðlega.

Á hinum endanum er þó ekki Sara, númerið samt hennar.

Rám röddin fer ekki milli mála og tekur af allan vafa um að þetta sé Sara sem hringdi, þó hringt sé úr símanum hennar.

Um manninn fara ónot, jafnvel hræðsla.

Hann átti von á símtali frá Söru.

## EKKERT HIK

Hann hikaði aldrei. Tók alltaf af skarið þegar hann sá að aðrir voru of ragir til að hlaupa inn í brennandi hús eða stökkva í fallhlíf fram af kletti.

Stundum kom hann ekki aftur en það gerðist afar sjaldan.

# FLUGAN

Afrísku prinsessuna langaði að skrifa sögu um líf flugunnar sem flögraði sífelld um vistarverur hennar.

Hún horfði því svo stíft á fluguna að á endanum skiptu þær um hlutverk: Flugan varð prinsessa og prinsessan varð fluga.

Og nú er flugan að hugsa um að skrifa sögu um afrísku prinsessuna sem flögrar sífelld um vistarverur hennar.

# ÞEGAR RIGNIR

Fer út að ganga með hundinn þegar rignir.

Við göngum um götur bæjarins og skógarstíga þar sem þá er að finna.

Aðeins við tveir. Hundurinn og ég og einungis þegar rignir.

Aldrei annars.

## MYRKUR

Ljósinn lýsa upp myrkrið fyrir framan mig. Ég æði gegnum það á 100 kílómetra hraða. Finnst það víkja fyrir mér eða opnast.

Eins og þegar hann lyfti staf sínum forðum, beindi honum að hafinu, muldraði fáein orð sem enginn heyrði nema þeir sem næstir stóðu. Og í það komu göng sem við gátum gengið eftir á flóttanum.

Ég gekk síðastur og fann dropana á hnakkanum er hafið féll aftur í fyrri skorður.

Það eru engir dropar í mykrinu.

# FLÓTTI

Lögreglumaðurinn veit ekki hvernig hún fór að því að sleppa. Hann var með tak á henni og það nokkuð þétt hélt hann, en svo var hún allt í einu laus úr höndum hans og þotin frá honum.

Hann starir undrandi á eftir henni, eins og hann viti ekki alveg hvað hann eigi að gera, en þegar föt hennar fara að detta á götuna og hverfa, rankar hann við sér og æðir á eftir henni.

Hún gufar upp eins og fötin.

# FÓLK

Stend við glugga og horfi á fólkið fyrir utan sem horfir á mig.

Ég brosi. Það brosir á móti.

Brosin hverfa þegar ég dreg gluggatjöldin hægt og rólega fyrir.

Bros mitt breiðkar hins vegar stöðugt.



## MINNISLEYSI

„Æ, hvar skildi ég nú líkið eftir?“ hugsaði morðinginn þegar hann vaknaði.

Hvernig sem hann reyndi gat hann ekki munað það. Né heldur hvers kyns fórnarlambið var.

Hvort tveggja var mjög óvenjulegt, því þetta var frekar minnugur morðingi.

## LJÓSIÐ

Það er dregið frá glugganum í herberginu mínu og myrkrið nær inn til mín. Það gerir einnig ljósið skæra sem birtist allt í einu fyrir utan gluggann. Skín beint á mig svo ég lýsist allur upp.

Finn það vefjast um mig og toga mig út gegnum rúðuna (sem þó brotnar ekki og ég velti fyrir mér hvernig það sé hægt) og yfir í geimskipið sem lónar fyrir utan.

